

22. gr.

Verði vanskil skal reikna hæstu lögleyfða dráttarvexti. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari, á réttum gjalddögum. Opnunargjald skal vera kr. 1000.00. Vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari má taka lögtaki, og njóta gjöld þessi lögveðsréttar í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Sauðárkróks nr. 96 14. apríl 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

27. febrúar 1976.

Nr. 51.

REGLUGERÐ**um vöruflutninga með loftförum.**

1. gr.

Almennt.

- 1.1. Þegar vörur eru fluttar með loftförum skal hlaða þeim og binda þær þannig tryggilega niður, að öruggt sé að þær geti ekki færst til, og á þann hátt valdið breytingu á þyngdarpunkti loftfarsins, skaðað áhöfn eða farþega, eða skemmt mikilvæga hluta loftfarsins.

2. gr.

Vöruflutningar í venjulegu vörurými.

- 2.1. Við hleðslu í vörurými, skal fara eftir gildandi reglum um þann hámarksþunga sem láta má í vörurýmið, og jafnframt á hverja flatareiningu í hlutaðeigandi tegund loftfars. Hleðslufyrirmæli hér að lútandi skulu höfð greinilega uppi við í vörurýminu í augnsýn þeirra sem annast hleðsluna.
- 2.2. Allur bindibúnaður, sem notaður er til þess að binda niður farm í vörurými, svo sem net, krókar, bönd og festingar, skal þola eftirfarandi álag:
- a) Þegar vörurými er þannig, að óbundinn flutningur gæti skaðað áhöfn eða farþega þegar kraftar hraðabreytinga verka á loftfarið:

Kraftstefna

Brotþol

Fram 6 × þungi farmsins

Upp 2 × þungi farmsins

Aftur og til hliðar 1.5 × þungi farmsins

eða meira brotþol sem loftfarið er gert fyrir.

b) Þegar vörurými er þannig að ekki er hætt á því sem um getur í lið a):

Kraftstefna

Brotþol

Fram, upp, aftur og til hliðar $1.5 \times$ þungi farmsins

- 2.3. Fyrir loftför, sem notuð eru til flugrekstrar í atvinnuskyni, skulu vera til handbærar leiðbeiningar um hleðslu og frágang farms í vörurými sem lýsa hvernig hólfa á í sundur með netum, og hvernig binda á niður farminn og hvað á við í hverju tilviki. Þar skal einnig getið um styrkleika og brotþol fastra sem og lausra hluta í bindibúnaðinum. Þegar vörurými, sem átt er við í 2.2. b) hér að framan, er hólfað sundur með neti, má láta stykkjaflutning í hólfin án þess að binda flutninginn niður.

3. gr.

Vöru- og farangursflutningar í farþegarými.

- 3.1. Flytja má vörur auk farþega í farþegarými loftfara, sem aðallega eru notuð til farþegaflutninga, ef þau eru viðurkennd til slíkra flutninga, og ef vörunum er, með þeim undantekningum sem um getur í gr. 3.1.1., hlaðið framan við farþegana.
- 3.1.1. Hlaða má farangri í samræmi við það, sem hér hefur verið sagt, við hliðina á farþeganum sem fremst situr. Ef varningi er komið fyrir í sérstökum gámum, sem gerðir eru til þess að spenna þá í farþegasæti, má setja slíka gáma í sæti aftan við farþega í farþegarýminu.
- 3.2. Eigi má hlaða varningi þannig að lokað sé fyrir gangdyr eða neyðardyr í stjórnklefa eða í farþegarými. Öryggisbúnaður skal vera aðgengilegur. Ekki má varningurinn skyggja á leiðbeiningarskilti í farþegaklefa nema sett séu upp önnur í þeirra stað.
- 3.3. Umbúðir varnings skal vanda — sjá gr. 3.6. hér að aftan — og varning skal binda niður í samræmi við gr. 2.2. a) hér að framan. Um handfarangur gilda ákvæði reglugerðar um mannflutninga í loftförum.
- 3.4. Þegar varningi er hlaðið í farþegarými skal sérstaklega gæta þess að ekki sé farið fram úr leyfilegri hámarkshleðslu á hverja flatareiningu. Í þessu tilviki skal miða við brotþol, sem er $4.5 \times$ þungi farmsins, eða meira brotþol, ef loftfarið er smíðað eða gert fyrir það. Eigi mega gámar með farangri, sem settir eru í farþegasæti, vera þyngri en 80 kg.
- 3.5. Í farþegarými má aðeins flytja þess konar farangur, sem ekki getur eðlis síns vegna eða staðsetningar í loftfarinu, haft áhrif á flugöryggið. Í farþegarými má ekki flytja varning, sem felst í skilgreiningu í 4. gr.
- 3.6. Varningur skal vera í þess konar gámum eða í slíkum umbúðum að eldhætta sé ekki meiri en frá stólaklæðningu og öðrum innréttingum farþegarýmisins. Ella skal breitt yfir hann með óeldfinnum dúk. Varningurinn skal einnig vera þannig um búinn að ekki finnist óþefur af honum.
- 3.7. Þar sem það á við skulu leiðbeiningar þær, sem um getur í gr. 2.3. um hleðslu farms í vörulestum, einnig hafa að geyma reglur um hleðslu varnings í farþegarými.

4. gr.

Flutningur varnings sérstaks eðlis.

- 4.1. Að því er varðar flutning á hergögnum skal gæta ákvæða laga um loftferðir.
- 4.2. Eigi má flytja skotvopn í farþegarými loftfara sem notuð eru til flugrekstrar í atvinnuskyni. Flugmálastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.
- 4.2.1. Þegar þörf er á undanþágu frá ákvæði í gr. 4.2. skal hlutaðeigandi flugrekandi sækja um hana til flugmálastjórnar, sem tekur síðan afstöðu til erindisins.

- 4.3. Við flutning varnings, sem af getur stafað eldhætta, sprengihætta, mengun, áhrif á mælitæki eða fjarskiptatæki loftfarsins, gas eða óloft, geislavirkni eða annað það, sem gæti haft áhrif á loftfarið, áhöfn þess eða farþega eða geti af öðrum ástæðum skert öryggi, skal hafa hliðsjón af reglum Alþjóðasambands flugfélaga — International Air Transport Association (IATA) „IATA Restricted Articles Regulations“ og „IATA Live Animals Manual.“

Reglur IATA má panta frá: Assistant Director General — Traffic: International Air Transport Association P. O. Box 315, 1215 Geneva 15 Airport, Switzerland.

Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga um loftferðir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. laga um loftferðir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um meðalþunga, sem lagður er til grundvallar við hleðslu loftfara.

1. gr.

Orðaskýringar.

- 1.1. Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð, hafa þau merkingu þá sem hér segir:
- a) **Flugrekandi:** Einstaklingur eða félag sem fengið hefur leyfi samgönguráðuneytis eða flugmálastjórnar eftir því sem við á, til þess að stunda flugrekstur í atvinnuskyni.
 - b) **Flugstjóri:** Flugmaður, sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.
 - c) **Flugverji:** Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.
 - d) **Óreglubundið flug:** Með því er átt við flutning á farþegum eða farmi, sem ekki er áætlunarflug og framkvæmt er með loftförum sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg.
 - e) **Þjónustuliði:** Áhafnarliði, sem er starfsmaður flugrekanda og falið er starf um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur sem nauðsynlegt er öryggi farþega, annað en starf flugliða.